

ALPÝÐUBLAÐID

20964. tölublað

Hverfisgötu 8 - 10 Reykjavík Sími 562 5566

Útgefandi Alþrænt
Ritstjórar Hrafn Jökulsson
Fréttastjóri Sigurður Tómas Björvinsson
Auglýsingastjóri Stefán Hrafn Hagalín
Umbrot Ámundi Ámundason
Prentun Gagarín hf.
Ritstjórn, auglýsingar og dreifing
Sími 562 5566
Fax 562 9244
Áskriftarverð kr. 1.550 m/vsk á mánuði.
Verð í lausasölu kr. 150 m/vsk

Kúgun kvenna

Í Alþýðublaðinu í dag er sagt frá ritgerð sem birtist í útlensku tímariti eftir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Ingu Dóru Björnsdóttur, þarsem ljósi er meðal annars varpað á vinnubrögð og viðhorf í innsta kjarna Kvennalistans. Dæmin sem þær taka, og rakin eru hér í blaðinu, eru Kvennalistanum til lítils sóma. Varapíngkonu var í reynd meinað að taka sæti á Alþingi vegna þess að samstarfskonur hennar höfðu pata af því að fjölmöldar kynnu að gera sýsl eiginmanns hennar í viðskiptum að umtals efni. Þá er líka tekið dæmi af þingkonu flokksins sem tók saman við áhrifamann í öðrum stjórnálaflokk og var í framhaldi af því sett út í horn.

Alþýðublaðið hefur áður fjallað um skoðanakúgun og valdníðslu innan Kvennalistans. Þeim skrifum hefur verið hástöfum mótmælt af kvennalistakonum enda vilja þær veifa glansmynd af óspilltri hreyfingu þarsem lýðræði og valddreifing eru í hávegum höfð. Þessar yfirlýsingar eru vitaskuld haldlaust geip einsog margoft hefur komið fram. Hin örsmáa klíka sem ræður ríkjum í floknum vílaði ekki fyrir sér að hundsa niðurstöður prófjkörs í Reykjaneskjördæmi fyrir síðustu alþingiskosningar. Þarmeð var þingsæti haft af Helgu Sigurjónsdóttur bæjarfulltrúa í Kópavogi. Hún sagði skilið við Kvennalistann – og hefði ekki átt að koma á óvart. Í kjölfarið hafa hinsvegar lýðræðisunnendurnir í floknum gert ítrekaðar tilraunir til að fá Helgu til að segja sig úr bæjarstjórn, til þess að koma að konu með „réttar“ skoðanir. Helga Sigurjónsdóttir er í blaðinu í dag innt álits á ritgerð Sigríðar Dúnu og Ingu Dóru. Hún segir meðal annars: „Það sem mér hefur fundist að Kvennalistanum frá fyrstu tíð er það sem er einfaldlega kallað skoðanakúgun. Aftur og aftur var ég tekin á beinið og sagt við mig: „Þú mátt ekki segja...“ og svo var vitnað í eitthvað sem ég hafði áður sagt.“

Fæstir efast um að tilurð Kvennalistans var á margan hátt nauðsynleg. Hlutur kvenna í íslenskum stjórnálaflokkum hefur verið átakanlega rýr: á áttunda áratugnum sáu til að mynda aðeins þjár konur á Alþingi en 57 karlar. Nú eru konur fjórðungur þingheims, þannig nokkuð hefur þokast í rétta átt. En gjarnan mættu jafnaðarmenn sérstaklega þuga sinn hlut: Í 79 ára sögu Alþýðuflokksins hafa aðeins þjár konur verið kjörnar á þing á hans vegum. Jóhanna Sigurðardóttir braut múrinna árið 1978 og síðan hafa þær Rannveig Guðmundsdóttir og Petrína Baldursdóttir setið á þingi fyrir flokkinn. Í sjö manna þingflokk er aðeins ein kona. Nú, þegar tími Kvennalistans er liðinn, þarf að leita nýrra leiða til þess að koma á jafnrétti og festa það í sessi.

Níundi stórmestarinn

Þróstur Þórhallsson náði glæsilegum árangri á skákmóti í Gausdal sem lauk á föstudaginn. Ekki einasta bar hann sigur úr býtum heldur halaði inn þriðja og síðasta áfangann að stórmistararitli. Hann mun því verða níundi stórmistarinn Íslendinga. Árangur Prastar er enn ein staðfesting á því að skák er sú íþrótt þarsem Íslendingar verða sér síst til skammar, en það vill, sem kunnugt er, fylgia þátttöku okkar í ýmsum kappleikjum. Alþýðublaðinu er svo vitaskuld sérstakur ánægjuvaki í því að Þróstur Þórhallsson hefur nýlega tekið að sér að annast skákskrif í blaðið.

Bless í bili Bordeaux

Kristín Ástgeirdsdóttir alþingismaður segir í DV í gær að Íslendingar ættu að smiðganga franskars vörur og mótmæla með því kjarnorkutilraunum þeirra. Frókkum er að takast með hroka og innistæðulausu drambi að fá almenningsálit heimsins á móti sér; Kristín Ástgeirdsdóttir er ekki eini mótmælandinn. Kjarnorkusprenningar Frakka eru ónauðsynlegar, siðlausar og hættulegar. Íslendingar ættu því að neita sér um franskars vörur uns einhver hefur tekið að sér að koma vitinu fyrir Frakklandsforseta. ■

Hagsmunaástand Jóhönnu

Jóhanna Sigurðardóttir:
Hagsmunagæsla smákónganna.
Morgunblaðið, 5. ágúst 1995.
125 krónur.

Aftan á litlu kveri sem út kom fyrir fáeinum árum (og alltof fáir hafa séð) stóðu þessi orð: Ágúst Borgbör Sverrisson hefur járnþök á hinu ofurvísðkvæma smásagnaformi.

Nú er ekki ætlan vor að leggja út í viðtækari samanburðarbókmenntir en óneitanlega koma þessu frómu orð upp í hugann þegar nýjasta afurð Jóhönnu Sigurðardóttur er gerð að umtalsfni. Nú hefur Jóhanna á undanförnum árum getið sér einstakt orð fyrir stílsnill, málflimi og hugmyndaðuði og því þarf ekki að koma á

Einsog gengur



Hrafn
Jökulsson
skrifar

óvart þótt pakklátir lesendur hafi enn á ný fengið undrast þá takmarkalausum töfum sem Jóhanna sáldrar í kringum sig þegar hún beitir stílvopni.

Títtill verksins gefur ekki einasta fyrirheit um innihaldið, heldur lýsir því með svo hárfínum og ofurnákvænum hætti að sjálf greinin verður einvörðungu einsog lostæt ábót á snilldina. Einhverjir grunhyggir angurgapar gætu auðvitað tekið fyrirsógn verksins bókstaflega – *Hagsmunagæsla smákónganna* – og komið sér upp þeiri skoðun að Jóhanna Sigurðardóttir væri að skrifa um hagsmunagæslu smákónganna. Góðir lesendur: svo er ekki. Í greininni er Jóhanna fyrst og fremst að fára út landamæri tungumálsins (einsog löngum fyrir) – kanna þanþol þess, einsog einhver ófrumlegur bókmenntaskýrandi myndi orða það. Útgangspunktur verksins er þetta orð: *Hagsmunir*. Jóhönnu tekst, af ómannlegu innsæi í íslenska málfræði og með það að beita járnþökum á hina viðkvæmu (en forma og gagnmerku) tungu vora, að leiða lesendur á vit nýrra og ævintýralægra sjávarmiða íslenskunnar þarsem aðeins skrautfiskar koma uppúr kafinu.

Í þessu örstutta skáldverki (upphaflega ein vélrituð síða sem seljast mun á metfó að upphoðum í framtíðinni en ratar vonandi í skotheldan glerskáp í Pjóðbókhlöðunni) tekst Jóhönnu að koma hagsmunum að svona oft og með svofelldum hætti: *hagsmunatengslin, sérhagsmuni, hagsmunagæslu, hagsmunagæslu, hagsmunaðila, hagsmuni, hagsmunasamtaka, hagsmuni, hagsbóta, sérhagsmunanna, hagsmunum...*

Æruverðugu lesendur: það er með hálftum huga að sá sem hért fiktar við lyklaborð heldur áfram að skrifa íslensku tungu. Ég og aðrir þeir sem við ritmál fást, hljóturn að sætta okkur við það hlutskipti að þá rísum við hæst þegar við erum aðeins notaðir til þess að skapa Jóhönnu Sigurðardóttur hagstæðan samanburð. Þá það. Við getum lífað í skugga snílldarinnar.

d a g a t a l 9 . á g ú s t

Atburðir dagsins

1794 Napóleon Bonaparte herfingi handtekkini í Paris, grunnaðum um að aðhyllast pólítískar skoðanir Robespierre. 1942 Mahatma Gandhi handtekkini á Bretlandi fyrir áróðursherferð í págu Indverja. 1945 Bandaríkjamein varpa kjarnorkusprenjum Nagasaki. 1974 Gerald Ford verður Bandaríkjaforseti í kjölfar afnagr Nixon. 1975 Rússneska tónskáldið Dmitri Shostakovich deyr.

Afmælisbörn dagsins
Leonide Massine rússneskur ballettmeistari, 1796. Robert Aldrich bandarískur kvíkyrmyndaleikstjóri, 1918. Philip Larkin breskt ljóðskáld, 1922.

Annálsbrot dagsins

Þá var frábært þjófnaður í landinu; hefur gerið hallær. Hryggilegt er að heyrá slíkt tilfelli, sem þá skeðið af hungursneyð í landinu. Pessi vetur í Þórhallaspá heitir Píningur. Fólkis breiðsíti við eld sér til matar bein úr haugunum og forná skó, og annað þvílfkt.

Ballaðaránnáll, 1603.

Málsáttur dagsins
Fleira má bíta en feita steik.

Ævisaga dagsins
Ég hef átt samleið með mörgum, en aðeins örfáir áttu samleið með mér.

Steindór Sigurðsson rithöfundur.

Réttlæting dagsins

Páð skýrir allt ef þið lesið dagbókina hans.

Skilabod á miða frá Kenneth Halliwell sem drap ástmann sinn, leikskáldið Joe Orton, pennan dag árið 1967 og framdi síðan sjálfsmord.

Orð dagsins
Aldrei frið ég öðlast má auðnu svo ég hrósi.


Alltaf vakir einhver þrá efstr meira ljósi.

Kolbeinn Högnason.

Skák dagsins

Stórmistarinn Savon er annað prúðmenni en ekki er víst að Stohl hafi verið þeirrar skóunar að aflokinni skák jeirra í Trnava árið 1989. Savon hefur hvítt og á leik, og beinir nú

langdrægum eldflaugum að illa vörðu vígí svarta kóngsins.



Hvað gerir hvítur?
1. Bxg7+!! Dxg7 2. Dh3+ Dh7
3. He8+ Kg7 4. Dg3+ Stohl tok þann kost að verða ekki vitni að frekari niðurlægingu sinni og gafst upp – snúðugur að vanda.